

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna 2024

Niðurstöður

Eypór Einarsson

Þar sem um þessar mundir miðar val á sæðingahrútum að því að innleiða verndandi (V) og mögulega verndandi (MV) arfgerðir, samhliða almennum kynbótum, var minni áhersla lögð á afkvæmaprófanir. Á komandi árum þegar hrútar verða almennt komnir með V eða MV arfgerðir má ætla að vægi afkvæmarannsókna aukist aftur við val á stöðvahrútum. Hér verður gert grein fyrir þremur afkvæmarannsóknum sem horft var til við val á hrútum í haust.

Skarðaborg, Reykjahverfi

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Stígur	23-107	Gimsteinn	21-899	104	128	119	117	18,0	11,2	5,8	32,3	2,4	17,5	143
Hnaus	23-110	Hnaus	20-890	97	117	127	114	17,3	10,9	6,0	32,2	2,2	17,5	147
Dregill	23-118	Blær N138	22-101	99	112	122	111	17,5	10,3	5,6	32,3	2,3	17,4	138
Heimdallur A	18-109	Tinni	15-968	103	121	109	111	17,9	11,0	6,0	32,1	2,5	17,3	138
Bónus	22-111	Bútur	20-316	111	111	110	110	18,8	10,4	5,9	31,8	2,2	17,3	137
Kross	23-123	Tolli	22-267	95	86	113	98	16,9	9,0	5,6	32,0	2,6	17,5	141
Arrblár	23-104	Gimsteinn	21-899	102	100	91	97	17,7	10,3	6,2	31,0	2,5	17,1	141
Egill	23-101	Kraftur	19-883	95	124	70	96	17,1	10,9	5,8	29,6	2,7	17,2	145
Balli	23-116	Baldur	19-886	98	91	99	96	17,3	9,8	6,2	31,4	2,6	17,4	141
Jarl	23-122	Bogi	21-909	102	98	80	93	17,8	9,8	5,8	30,3	2,5	17,0	139
Klassi	23-102	Dalur	17-870	98	74	99	91	17,4	8,7	5,8	31,5	2,5	17,3	137
Raffi	23-108	Gimsteinn	21-899	98	64	85	82	17,4	9,2	6,8	31,1	3,1	17,3	143
Sekkur	23-103	Gimsteinn	21-899	99	67	76	80	17,4	9,0	6,4	30,1	2,5	17,2	140
Meðaltal:								17,6	10,1	6,0	31,3	2,5	17,3	141

Á Skarðaborg voru 13 hrútar í samanburði sem allir báru verndandi eða mögulega verndandi arfgerðir. Almennt voru lömbin vöðvþykk á bak og flokkduðust vel en læraþroskinn aðeins breytilegur hjá þeim.

Efstur að heildarstigum stóð Stígur 23-107, sem er ARR hrútur undan Gimsteini. Hann skilaði þroskamiklum lömbum sem sameina ákaflega vel góða gerð og hóflega fitu samkvæmt kjötmati. Líflömbin undan honum voru með þykkun bakvöðva og allgóð lærahold. Stígur kom áberandi best út af þeim fjórum Gimsteinssonum sem í rannsókninni voru þrátt fyrir að ekki væri mikið af afgerandi hrútsefnum í hans hópi. Ekki var þó horft til Stígs sem stöðvarhrúts þar sem áherslan í vali á ARR hrútum fyrir stöðvarnar haustið 2024 fólust m.a. í því að velja frekar sonarsyni upphafshrútanna þriggja frá Þernunesi fremur en syni þeirra.

Næstur í röðinni var Hnaus 23-110 sem er efnis kynbótahrútur. Skilaði hér holdþéttum lömbum en hópurinn var aðeins undir meðaltali í þunga. Hnaus er sonur Hnauss 20-890 frá Mýrum og dóttursonur Mávs 15-990 frá Mávahlíð en frá Mávi hefur Hnaus erft breytileikann C151. Hrúturinn sem raðast í fjórða sæti er orðinn afar reyndur og er þetta í annað sinn sem hann þreytir afkvæmarannsókn vegna sæðingastöðvanna. Það er Heimdallur 18-109. Þetta hefur verið mjög farsæll hrútur en vissulega vonbrigði fyrir yngri hrútana að ná ekki að ýta þessum gamla ref lengra aftur fyrir sig í samanburðinum. Niðurstaðan var að einn hrútur var falaður af sæðingastöðvunum. Það var Bónus 22-938. Bónus stóð sig þryðilega í þessum samanburði, þar sem aðallega voru þó hyrndir hrútar. Hann átti þroskamestu lömbin sem voru jafnframt yngst í þessum samanburði. Horft var til þess varðandi valið á Bónusi að hann er arfhreinn fyrir AHQ genasamsætunni og efnilegur alhliða kynbótahrútur.

Svínafell 2, Örafum

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Bjartur	21-482	Snar	18-846	101	132	107	113	18,7	10,6	6,4	29,6	3,1	17,7	157
Arri	23-496	Hornsteinn	22-901	103	91	126	107	18,9	9,5	5,8	30,1	2,7	17,6	161
Vafi - réttur	23-493	Sævar	21-897	95	116	102	104	18,1	10,0	6,1	30,3	3,3	17,1	154
Trausti	23-494	Austri	20-892	103	101	106	103	18,9	9,8	6,1	29,5	2,6	17,2	148
Blár	23-498	Bjartur	21-482	102	86	91	93	18,8	9,6	6,9	28,6	2,9	17,6	157
Úði	22-491	Suddi	17-872	102	93	81	92	18,8	9,6	6,1	29,7	3,7	17,3	149
Bær	22-490	Kostur	19-849	93	74	102	90	18,0	8,8	5,7	30,2	3,1	17,0	153
Kuldi	23-495	Bjartur	21-482	102	90	76	89	18,9	9,6	6,5	28,9	3,3	17,1	157
Meðaltal:								18,7	9,8	6,2	29,6	3,1	17,4	154

Á Svínaelli voru 8 hrútar í samanburði sem allir höfðu V eða MV arfgerðir. Efstur stóð Bjartur 21-482 en hann fékk afgerandi bestu kjötmatniðurstöðurnar. Þetta er gamalreyndur lambafaðir og mjög öflugur sem slíkur. Gallinn við Bjart er að kynbótamat hans fyrir mjólk og frjósemi er óásættanlegt fyrir stöðvahrúta og kom hann því ekki til álita sem slíkur. Annar í röðinni var Hornsteinssonurinn Arri. Hann kom býsna sterkur út úr líflambaskoðunum. Hinsvegar fékk hann lakari niðurstöður í sláturhlutanum en skýrist það væntanlega af því að mikið var sett á undan þessum hrút, enda helmingur afkvæma hans með ARR. Niðurstaðan var að ekki var falaður hrútur fyrir stöðvarnar úr þessum hrútaþópi þar sem enginn þeirra þótti nægilega heilsteyptur kandídat fyrir það verkefni.

Ytri-Skógar, Eyjafjöllum

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Faldur	23-747	Angi	22-717	100	134	148	127	18,7	12,5	5,6	32,7	2,3	18,0	141
Garpur	23-746	Kraftur	19-883	102	140	98	113	18,9	12,9	6,2	30,3	2,6	17,6	139
Séns	23-748	Fróði	18-880	108	93	125	109	19,5	11,6	7,0	31,7	2,7	17,9	141
Glæðir	23-742	Angi	18-882	101	93	97	97	18,8	11,1	6,3	30,8	2,6	17,4	140
Njáll	23-750	Sökkull	22-723	100	96	93	96	18,7	11,4	6,6	30,3	2,8	17,6	138
Magni	23-743	Kátur	20-905	95	109	84	96	18,1	11,5	6,0	30,1	3,0	17,6	140
Glaður	23-745	Kátur	20-905	103	95	87	95	19,1	11,5	6,8	30,1	2,8	17,8	139
Moldi	22-712	Farsæll	21-690	93	93	95	94	17,9	10,7	5,8	31,0	2,9	17,4	138
Trausti	23-744	Austri	20-892	97	89	90	92	18,4	10,7	6,0	30,8	3,0	17,4	139
Skaði	23-749	Úlli	22-914	100	73	90	88	18,7	10,8	6,8	30,8	3,0	17,4	139
Meðaltal:								18,7	11,4	6,4	30,8	2,8	17,6	139

Á Ytri-Skógum var afkvæmarannsókn með hefðbundnum hætti. Í samanburðinum voru 10 hrútar. Einn af þeim var lánshrútur fenginn frá Guðna Þorvaldssyni á Raufarfelli 2 en það var Moldi 22-712. Af þessum 10 hrútum voru 7 hrútar sem báru MV arfgerðir. Hér voru tveir hrútar sem vöktu sérstaka athygli, þeir Faldur 23-937 og Garpur 23-936 sem röðuðu sér í tvö efstu sætin með glæsilegum niðurstöðum. Þessir hrútar bjuggu báðir yfir glimrandi góðu kynbótamati ásamt því að flagga mögulega verndandi arfgerðum. Þeir voru því umsvifalaust fengnir til þjónustu við stöðvarnar þar sem þeir nutu geysi mikilla vinsælda á síðustu sæðingavertíð. Sá hrútur sem kemur þriðji í röðinni er Séns 23-748. Hann skilaði þyngsta afkvæmahópnum sem jafnframt var sá feitasti, en miðað við þunga og fitu hefði gerðin mátt vera enn öflugri. Séns er frá Efstu-Grund, sonur Fróða 18-880 frá Bjargi og undan á sem er frá Ytri-Skógum.